

Ég mótmæli harðlega fyrirhuguðum breytingum á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem fela í sér þéttingu byggðar á grænu svæði við Hamravík, Breiðuvík og Mosaveg (Ljósavík og Gautavík) í Grafarvogi. Tillögurnar eru vanhugsaðar, í ósamræmi við eðli hverfisins og ganga gegn meginmarkmiðum sjálfbærrar borgarþróunar. Áformin ógna jafnframt lífsgæðum barnafjölskyldna í hverfinu.

Skólalainnviðir

Þétting byggðar við Hamravík, Breiðuvík og Mosaveg felur í sér fjölgun íbúa án þess að nokkur styrking innviða fylgi með. Leik- og grunnskólar í Grafarvogi eru þegar fullsettir og biðlistar til staðar, eins og dæmin sanna í öðrum hverfum hverfisins. Fjölgun íbúða á svæðinu án þess að bæta við leik- eða grunnskólaplássi veldur óásættanlegu álagi á menntakerfið og frístundastarf barna, og mun leiða til þrengsla, lægri þjónustugæða og minna öryggis fyrir börnin í hverfinu. Börn munu þurfa að ferðast milli hverfa eftir leikskólaplássum og fjölskyldur missa tengsl við nærumhverfi sitt.

Samgönguinnviðir

Vegakerfið í kringum Víkurhverfið er nú þegar undir miklu álagi og ekki hannað fyrir aukna bílaumferð. Fyrirhuguð uppbygging í hverfinu munu auka þunga umferð í þröngu og illa skipulögðu umhverfi, án þess að lagfæringar fylgi með. Sérstakar áhyggjur eru uppi um skert öryggi gangandi vegfarenda og barna sem eiga leið í og úr skóla, þar sem nú þegar er lítið um stýringar og öryggisbúnað við götur og gatnamót.

Samkvæmt þeim teikningum sem liggja fyrir virðist aðeins gert ráð fyrir takmörkuðum fjölda bílastæða fyrir íbúa – og engum gestastæðum. Í hverfi þar sem þegar er skortur á stæðum mun þetta óhjákvæmilega leiða til þess að íbúar nýju byggðarinnar leggja í stæði sem tilheyra öðrum eða fylla nærliggjandi götur. Þetta er átroðningur gagnvart íbúum sem nú þegar búa á svæðinu, brýtur gegn réttlátri meðhöndlun og skapar dagleg vandamál og árekstra. Má þar vísa í viðvarandi bílastæðavandamál sem þegar er til staðar við Móaveg og þeim átroðningi sem hefur ollið íbúum sem fyrir voru.

Við höfnum þessari aðferðafræði og ítrekum að bílastæði okkar núverandi íbúa eru gerð fyrir okkur og gesti okkar, ekki nýja íbúa hverfisins.

Í boði Reykjavíkurborgar þurfa börn í hverfinu að fara á milli hverfa til að sækja skóla, enda var það að frumkvæði borgarinnar að skólar voru sameinaðir, þrátt fyrir mikla mótstöðu í Víkurhverfinu og nálægum hverfum. Yngri börnin í Víkurhverfi þurfa því sækja skóla í Engjahverfi og Borgarhverfi og koma til með að þurfa að ganga um framkvæmdasvæði (Hamravík og Mosaveg) í báðum tilfellum verði þessi áform borgarinnar að veruleika. Eins þurfa eldri börn í Engjahverfi og Borgarhverfi að sækja skóla í Víkurhverfi og þurfa því að ganga um sömu framkvæmdasvæði.

Þetta hefur í för sem sér óásættanlega hættu fyrir grunnskólabörn í Víkurhverfi, Engjahverfi og Borgarhverfi, börn sem eru vön því að alast upp í grónu friðsælu hverfi þar sem umferð vinnuvéla er lítil sem engin. Þessi hætta skrifast alfarið á Reykjavíkurborg og væri gott fyrir borgina að rifja upp hræðilegt banaslys barns á framkvæmdasvæði í Hafnarfirði í þessu samhengi.

Öryggi barna verður að njóta vafans. Því krefjumst við þess að Reykjavíkurborg taki alvarlega ábyrgð sína á að tryggja öruggt umhverfi í kringum skóla og fjölskyldubyggð og endurskoði áform um uppbyggingu við Borgarveg í ljósi þessa.

Græn svæði

Þau svæði sem lögð eru til í breyttu aðalskipulagi eru að langstærstum hluta óraskað land. Ef áform borgarinnar verða að veruleika er ljóst að þessum grænum svæðum verður útrýmt og það gefur auga leið að þær aðgerðir eru óafturkræfar. Þessi grænu svæði voru forsenda þess að langstærsti hluti íbúa fluttist í hverfið. Svæðin hafa verið vel nýtt af bæði íbúum og gestum hverfisins til útisvistar, auk þess að vera mikilvæg fyrir andlega og líkamlega heilsu. Þau eru einnig eins konar lungu hverfisins í þeim skilningi að þau draga úr mengum og eru nauðsynleg fyrir líffræðilegan fjölbreytileika á svæðinu.

Tillögurnar eru mikil ógn við þennan líffræðilega fjölbreytileika og stinga þær í stúf við stefnumótun Reykjavíkurborgar á sviði náttúruverndar, þar á meðal stefnu um líffræðilega fjölbreytni frá árinu 2016. Þar kemur fram að líffræðileg fjölbreytni eigi undir högg að sækja á heimsvísu, sem má að miklu leyti rekja til umsvifa mannsins, sem með athöfnum sínum hefur beint eða óbeint valdið eyðingu búsvæða, hnignum vistkerfa og útdauða tegunda. Er jafnframt komið inn á að með þessari stefnumótun muni Reykjavík verða virkur þátttakandi í þessu starfi. Hér fer því augljóslega ekki saman hljóð og mynd. Reykjavík þarf að ganga á undan með góðu fordæmi og sýna viljann sinn í verki að náttúruvernd skipti máli, það dugar nefnilega ekki til að skrifa réttu orðin og birta flottar skýrslur.

Mikilvægi grænna svæða endurspeglast einnig í sænskri rannsókn sem fjallar um þéttingu byggðar í Malmö[1]. Lögð var áhersla á mikilvægi þess að þétting byggðar í borginni sameini umhverfislega sjálfbærni og félagslegt réttlæti og voru tré og græn svæði talin ómetanleg fyrir eðlilega starfsemi borgarinnar og áhersla lögð á að tryggja vernd þeirra í stefnum og reglum. Reykjavíkurborg ætti að hafa þessar niðurstöður að leiðarljósi enda hefur borgarstjóri viljað tengja stjórn sína við framsýni.

Í ljósi framangreinds er algerlega óásættanlegt að Reykjavíkurborg leggi nú til framkvæmdir sem eru í hróplegu ósamræmi við framangreinda stefnumörkun. Stöðva þarf að öllu leyti hið óafturkræfa umhverfisslys sem er í uppsiglingu í boði borgarinnar.

Langur framkvæmdatími og óþægindi á framkvæmdatíma

Gera má ráð fyrir að framkvæmdir í hverfinu muni standa yfir í nokkur ár og valda íbúum ónæði og óþægindum á framkvæmdatíma. Framkvæmdunum mun fylgja hávaði enda er til að mynda ljóst að fara þurfi í ítarlegar jarðvegsframkvæmdir, þar sem hluti framkvæmdasvæðis stendur á klettabelti. Þessu mun einnig fylgja umferð stórra tækja og vinnuvéla og rykmengun enda er svæðið að miklu leyti berskjaldað fyrir hinum ýmsu vindáttum. Hér yrðu gröfur, hér yrðu vörubílar, hér yrðu steypubílar, hér yrðu hljóð sem tengjast nýbyggingum ásamt óásættanlegri umferð í langan tíma. Þetta mun draga verulega úr ásýnd hverfisins og lífsgæðum íbúa. Þessu til viðbótar má gera ráð fyrir töluverðu raski til að tengja hinar nýju byggingar við vatns- og fráveitu, rafmagn og aðra sambærilega innviði.

Skuggavarp og útsýnisskerðing

Fyrirhuguð byggð myndi rýra að miklu leyti það víðáttuútsýni sem íbúar hverfisins njóta í dag. Útsýni er ekki lúxus heldur hluti af daglegum lífsgæðum sem íbúar hafa byggt búsetu sína á. Þessar byggingar myndu setja enda á slíka notkun og hafa bein áhrif á lífsgæði.

Breytingin mun hafa í för með sér alvarlega skerðingu á útsýni margra heimila, einkum þeirra sem hafa notið opins sjónmáls í gegnum græn svæði. Þetta útsýni – yfir sund og sólarlag – hefur verið hluti af búsetugæðum hverfisins frá upphafi. Nú á að svipta íbúana þessum gæðum

Þetta á sérstaklega við þar sem fyrirhuguð er að byggja hærri hús en þau hús sem fyrir eru, má þar til að nefna framkvæmdir við Mosaveg þar sem stendur til að byggja fjögurra hæða hús fyrir framan

þriggja hæða hús sem fyrir eru og standa við Ljósuvík og Gautavík en auk þess er gert ráð fyrir að byggja tveggja hæða hús fyrir framan hús á einni hæð við Hamravík/Breiðuvík. Má því gera ráð fyrir umtalsverðu skuggavarp og ljósmengun sem áhrif mun hafa á þá íbúa sem búa þar fyrir.

Ósamræmi við núverandi byggð

Svæðin eru óbyggð og í dag hluti af opinni og grænni ásýnd hverfisins. Reitirnir eru ekki innbyggðir – þar er ekkert byggt í dag. Hins vegar er fyrir séð að fyrirhuguð uppbygging verði mun þéttari, hærri og með miklu fleiri íbúðum en umhverfið þolir. Slíkt skapar ósamræmi í ásýnd og gerir lítið úr þeirri ró og víðáttu sem íbúar sóttu í og vilja varðveita.

Að koma þar fyrir þéttum húsum sem í mörgum tilfellum eru hærri en þau sem fyrir eru stríðir gegn byggðamynstri og mun gjörbreyta yfirbragði og andrúmslofti svæðisins. Íbúar keyptu fasteignir sínar í trausti þess að þetta friðsæla umhverfi yrði virt og varðveitt.

Eignaréttur rýrður – réttur til skaðabóta

Íbúar höfðu réttmætar væntingar til þess, þegar þeir ákváðu að kaupa íbúðarhúsnæði sitt, að hverfið væri fullmótað og fullbyggt. Að minnsta kosti máttu þeir ekki vænta þess að ráðist yrði í svo viðamiklar breytingar af því tagi sem hér er boðað með tilheyrandi skerðingu á lífsgæðum og eignarrétti.

Þær hugmyndir sem settar hafa verið fram í áformum borgarinnar munu koma til með að rýra verðmæti eigna íbúa Víkurhverfis, þ.m.t. mun útsýni skerðast og það verulega í sumum tilvikum.

Jafnframt skal tekið fram að þó nokkur dæmi eru fyrir því að sveitarfélög séu skaðabótaskyld gagnvart íbúum sveitarfélagsins vegna þvílíkra breytinga, sbr. 1. mgr. 51. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Bætur samkvæmt fyrrnefndu ákvæði skulu miðaðar við rýrnun á verðmæti fasteignar, líkt og staðfest hefur verið í dómaframkvæmd Hæstaréttar.

Með fyrirætlunum sínum í Víkurhverfi er borgin að fórna meiri hagsmunum fyrir minni og um leið snúa öllu á hvolf í hverfinu með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á íbúa í hverfinu. Víkurhverfið er í fullkomnu jafnvægi við stórkostlega ósnortna náttúru og eru þessi svæði nauðsynleg fyrir mikilvægt vistsvæði sem endurspeglast meðal annars í friðlýsingu svæðis sem liggur upp við hverfið. Íbúar í hverfinu krefjast þess að halda í þessi einkenni hverfisins og hafna að fullu þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru í breyttu aðalskipulagi Reykjavíkur.

Að lokum vil ég árétt að þau sjónarmið sem hér hafa komið fram eiga einnig við í stærra samhengi. Ég mótmæli því jafnframt heildaráformum um þéttingu byggðar í Grafarvogi og geri eftirfarandi athugasemdir fyrir hönd hverfisins alls.

Hverfið er eitt það fjölmennasta í borginni og hefur frá upphafi verið skipulagt sem fjölskylduvænt úthverfi með mikla nálægð við bæði ósnortna náttúru og manngerð útivistarsvæði í nærumhverfi. Hér ríkir öflug hverfisvitund og samhent samfélag fólks sem ber umhyggju fyrir nærumhverfi sínu og nágrönnum.

Áform borgarinnar um fjölgun íbúða innan gróins og fullbyggðs hverfis ganga alvarlega að lífsgæðum íbúa. Grunninnviðir eins og leik- og grunnskólar, samgöngur og félagsþjónusta anna varla þeim fjölda sem nú þegar býr í hverfinu – hvað þá þeim sem áformað er að bæta við. Foreldrar þurfa nú þegar til að senda börn sín í leikskóla utan hverfis, og umferðarpungi innan Grafarvogs er orðinn daglegt vandamál.

Þá eru græn svæði – sem eru órjúfanlegur hluti af sérstöðu og lífsgæðum Grafarvogs – í hættu. Þetta eru svæði sem börn nota til leiks, íbúar til útiveru, og gegna lykilhlutverki í andlegri og líkamlegri heilsu fólks. Að taka þessi svæði undir byggð gengur gegn öllum markmiðum um sjálfbæra þróun og heilbrigt borgarumhverfi.

Þéttingaráformin hafa verið sett fram án raunverulegs samráðs við íbúa og kynnt með ófullnægjandi hætti. Hátt í þúsund athugasemdir sem hafa nú þegar borist frá íbúum endurspeglar málefnalega, gagnrýna og vel rökstudda andstöðu við áformin.

Vil ég því minna á eftirfarandi:

- **Grafarvogur hefur þegar vaxið mikið og enn á eftir að bæta við í Gufunesi, Höfða og á Keldnalandi.** Samhliða þessari fjölgun hefur innviðauppbýgging ekki haldið í við þróunina – hvorki í skóla- og frístundamálum, samgöngum né heilsugæslu. Áformin eru því ekki í takti við getu hverfisins til að taka á móti enn fleiri íbúum.
- **Skólainnviðir eru þegar sprungnir.** Börn komast nú þegar ekki að í leikskólum í hverfinu. Skólar hverfisins hafa ekki svigrúm fyrir alla þessa fólksfjölgun, sumir eru jafnvel fullsetnir. Frístundavist hefur ekki verið tryggð að fullu fyrir alla nemendur í 2.–3. bekk. Engin áform eru um nýja leik- eða grunnskóla þrátt fyrir að fjölga eigi um hundruð íbúa.
- **Græn svæði sem eiga að hverfa eru andrými íbúa og mörg hver virk útivistarsvæði fyrir börn, fjölskyldur og samfélagið í heild.** Rannsóknir sýna að þau eru nauðsynlegur þáttur í andlegri og líkamlegri heilsu, félagslegri samveru og velferð barna og fjölskyldna.
- **Hver íbúð án uppbyggingar samgönguinnviða eykur hættuna í umferðinni – og bitnar það á börnum, öldruðum og hreyfihömluðum fyrst.** Samgönguinnviðir í Grafarvogi eru nú þegar yfir nýtingarmörkum og hafa ekki haldið í við þá miklu fólksfjölgun sem átti sér stað á undanförunum áratugum. Fullvíst er að áformuð íbúafjölgun muni auka álag á götur, gatnamót og gönguleiðir – án þess að nokkrar umbætur séu áætlaðar í takt við þessa aukningu.

Skýrsla starfshóps íbúaráðs frá nóvember 2024 sýnir að:

- **Alvarlegum slysum í hverfinu hefur fjölgað um 5% og öðrum slysum um 27%** miðað við tímabilin 2009–2013 og 2019–2023.
- Fjöldi ómerktra og ólöglegra gangbrauta brýtur í bága við reglugerðir og skapar beina hættu, sérstaklega við skóla og í íbúagötum.
- Börn og unglingar eru í sérstakri hættu, því ástand göngu- og hjólastíga er víða óviðunandi. Víða eru merkingar, lýsing og aðgengi að skóla og frístundum ábótavant, m.a. við Langarima og í Rimahverfi.

Fjölgun íbúða og aukning umferðar mun því ekki aðeins valda aukinni umferð og öngþveiti á götum hverfisins heldur einnig skapa verulega aukna hættu fyrir börn og ungmenni.

Það er ekki aðeins almenningur sem lýsir yfir áhyggjum sínum af þessum áformum. Í sinni umsögn gerir Vegagerðin einnig alvarlegar athugasemdir við skipulagstillöguna. Stofnunin bendir sérstaklega á að við slíka þéttingu í grónu hverfi þurfi að leggja mat á afleiðingar á bílaumferð og almenningssamgöngur og telur að það hafi ekki verið gert með nægilega vönduðum hætti. Umsögnin leggur áherslu á að slíkar breytingar hafi áhrif á umferð á svæðum langt út fyrir einstaka byggingarreiti og að ekki sé nægilega sýnt fram á hvernig tekið verði á auknu álagi á gatnakerfi og samgöngur í heild.

Með öðrum orðum: Vegagerðin, sem ber ábyrgð á skipulagi og öryggi í samgöngum landsins, staðfestir þær áhyggjur sem íbúar hafa ítrekað bent á — að þetta sé ekki traust og vel undirbúið skipulag, heldur áform sem geta valdið auknu umferðarálagi og öryggisvanda.

- **Þéttleiki fyrirhugaðra byggingasvæða er margfaldur miðað við núverandi skipulag og gengur gegn eðli og anda Grafarvogs.** Til dæmis er meðalþéttleiki ríflega 24,7 íbúðir á hektara í nýjustu tillögum en meðalþéttleiki Grafarvogs er um 8–11 íbúðir/hektara. Þetta er alls ekki í samræmi við hönnun hverfisins með dreifðri og fjölskylduvænni byggð.
- Í áætlunum borgarinnar er gert ráð fyrir að stór hluti nýrra íbúða í Grafarvogi verði félagslegt eða óhagnaðardrifið húsnæði, í samstarfi við félög eins og Félagsbústaði, Búseta og Bjarg. Þrátt fyrir mikilvægi fjölbreyttra húsnæðisforma, veldur svo mikill þungi slíkra íbúða á einum stað hættu á félagslegri einhæfni og misskiptingu milli borgarhluta. **Hlutfall félagslegra og óhagnaðardriffinna íbúða í Grafarvogi er nú þegar hærra en í mörgum öðrum hverfum borgarinnar.** Það er ekki ásættanlegt að einangra félagslegt og óhagnaðardrifið húsnæði á fáum stöðum í úthverfum. Slík samþjöppun getur grafið undan félagslegri fjölbreytni og samhengi hverfisins.
- **Það eru aðrir og betri kostir í boði til íbúðauppbýggingar í Reykjavík.** Í Reykjavík eru þegar yfir 2.500 tómar íbúðir samkvæmt nýjustu talningu HMS. Næg byggingarsvæði eru í landi borgarinnar í hverfum sem ekki eru fullbyggð í dag.

Ég krefst þess að Reykjavíkurborg endurskoði þessi áform í heild sinni. Það þarf að virða sérstöðu Grafarvogs, vernda græn svæði sem gera hverfið aðlaðandi og lífvænlegt, og leggja áherslu á að styrkja innviði sem nú þegar ná ekki að sinna þörfum íbúanna. Aðeins þannig verður hægt að tryggja sjálfbæra og skynsamlega þróun hverfisins og borgarinnar – til framtíðar.

Ég áskil mér allan rétt til að koma með frekari athugasemdir, andmæli og sjónarmið á síðari stigum málsins, bæði í gegnum opinberar athugasemdir og með öðrum lagalegum og stjórnsýslulegum leiðum.

Þetta á við hvort sem um er að ræða breytingar á deiliskipulagi, grenndarkynningu eða byggingarleyfisferli.

[1] Gomez Ramirez, C. E. (2024). Implications of Densification on Equal Access to Urban Green Spaces in Malmö, Sweden